

Því dæmist rétt vera:

Aðalstefndu, skiptaráðandinn í Hafnarfirði f. h. þrotabús Jóns Kr. Gunnarssonar, Guðni Vilberg Björnsson og Samvinnutryggingar, greiði in solidum stefnanda, Ólafi Snorra Guðnayni, kr. 97.685.00 með 10% ársvöxtum frá 12. marz 1960 til 29. desember s. á. og frá þeim degi 8% ársvöxtum til greiðsludags og kr. 10.000.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Laugardaginn 29. desember 1962.

Nr. 184/1962. **Dánar- og félagsbú Eyjólfss Guðmundssonar og Arnþrúðar Guðjónsdóttur, Guðmundur Eyjólfsson og Sigurður Eyjólfsson**

gegn

Kristjáni Bjarnasyni.

D ó m e n d u r :

hæstaréttardómarnir Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurgeir Jónsson bæjarfógeti, dómari samkvæmt umboðsskrá, og samdómendurnir Kristinn Jónsson og Rögnvaldur Guðjónsson hafa kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðiljar hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 17. desember þ. á., og bárust Hæstarétti skjöl kærumálsins 21. s. m. Krefjast sóknaraðiljar þess, að niður verði fellt ákvæði 2. tl. hins kærða úrskurðar og varnaraðilja dæmt að greiða kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að kærumálinu verði vísað frá Hæstarétti; til vara, að úrskurður héraðsdóms

verði staðfestur. Hann krefst þess og, að sóknaraðiljum verði dæmt að greiða kærumálskostnað in solidum.

Þá hafa Hæstarétti og borizt athugasemdir frá formanni héraðsdóms, sbr. 27. gr. laga nr. 57/1962.

Úrskurður sá, sem kærður er, er upp kveðinn samkvæmt heimild í 120. gr. laga nr. 85/1936. Slíkur úrskurður verður ekki kærður samkvæmt téðu ákvæði, 21. gr. laga nr. 57/1962 né öðrum lagaheimildum. Ber því að vísa kærumáli þessu frá Hæstarétti og dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja in solidum kærumálskostnað, er ákveðst kr. 2500.00.

Dómsorð:

Kærumáli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðiljar, dánar- og félagsbú Eyjólfssonar og Arnþrúðar Guðjónsdóttur, Guðmundur Eyjólfsson og Sigurður Eyjólfsson, greiði in solidum varnaraðilja, Kristjáni Bjarnasyni, kr. 2500.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður aukadóms Skaftafellssýslu 13. desember 1962.

Eftir munnlegan flutning málsins hinn 29. f. m. þykir enn hafa komið í ljós, að nokkuð skorti á, að gagnaöflun sé fullnægjandi. Þykir því nauðsynlegt að endurupptaka málið samkvæmt heimild í 120. gr. laga nr. 85 frá 1936 um almenna meðferð einkamála í héraði til frekari gagnaöflunar. Þykir því rétt að veita aðiljum kost á að afla eftirgreindra gagna:

1. Skipun eða dómkvaðningu yfirmatsmanna til að annast yfirlandsskipti á jörðinni Hvoli í Dyrhólahreppi.
2. Reynt verði til þrautar að fá yfirlandsskiptamanninn Kjartan Leif Markússon fyrir dóm sem vitni í málinu, sbr. 130. og 131. gr. laga 85/1936.
3. Annað það, sem framangreind gagnaöflun kann að veita tilefni til.
4. Frestur til gagnaöflunar þessarar skal vera 2 vikur, og kemur málið að nýju fyrir á skrifstofu bæjarfógetans í Kópavogi.

vogi fimmtudaginn 27. desember 1962, kl. 14. Ákvörðun fyrir-
töku á þessum degi er byggð á væntanlegri brottför með-
dómsmanns úr landi til langdvalar hinn 7. jan. 1963.

Ályktunarorð:

Aðiljum veitist kostur á að afla framangreindra gagna.
